

125. fundur í skólanefnd ME
haldinn þriðjudaginn 16. júní 2015 kl. 17:00 í fundarherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir og Steinunn Ásmundsdóttir sem varamaður fyrir Gauta Jóhannesson. Esther Gunnarsdóttir boðaði forföll rétt fyrir fund.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Arnar Sigbjörnsson, Jón Kristinn Arngrímsson og Rebekka Karlsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Staðfesting fundargerða 123. og 124. fundar**
- 2. Kosning formanns til eins árs**
- 3. Fjármál - rekstrarstaða í byrjun júní 2014**
- 4. Innritun nemenda fyrir næsta skólaár - horfur**
- 5. Starfsmannamál:**
 - a. Staða ráðningarmála
 - b. Verklagsreglur um ráðningar- og starfshlutföll kennara
- 6. Niðurstöður innra mats á skólastarfi 2014-2015**
- 7. Önnur mál:**
 - a. Samstarf framhaldsskóla
 - b. Skólanámskrá ME - vinnslustaða
 - c. Sjóðir í vörslu ME
 - d. Ný heimsíða ME - kynning

Formaður setti fund kl 17:05. Gengið var til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerða 123. og 124. fundar.

Fundargerðir 123. og 124. fundar höfðu verið samþykktar í tölvupósti en voru undirritaðar af þeim nefndarmönnum sem þá sátu.

2. Kosning formanns til eins árs.

Skúli Björn bauð sig fram til áframhaldandi setu. Það var samþykkt samhljóða.

3. Fjármál - rekstrarstaða í byrjun júní 2014

Skólameistari sýndi stöðuna gagnvart ríkinu í lok maí. Útgjöld eru um einni milljón umfram tekjur og þessi halli mun væntanlega aukast með launahækkunum kennara sem koma inn 1. júní og aukinni kennslu á haustönn. Gripið verður til aðhaldsaðgerða vegna þessa með minnkuðu umfangi og kennslumagni. Eins verður reynt að koma böndum á fjarnám við skólann sem hefur vaxið hratt á síðustu árum. Uppsafnaður höfuðstóll upp á u.þ.b. 10 milljónir kr. er ekki í þessum tölum þannig að enn er borð fyrir báru.

4. Innritun nemenda fyrir næsta skólaár – horfur

5. Nú eru um 220 eldri nemendur með val og síðan eru um 60 nýnemar að hefja nám í haust sem er töluvert færri en síðustu ár og skýrist m.a. af fækkun í árgöngum. Líklega verða um 280 manns í dagskólanum á haustönn.

6. Starfsmannamál:

a) Staða ráðningarmála

Það lítur býsna vel út með ráðningar og flestar frágengnar. Enn er leitað að kennara í jarðfræði og til stundakennslu í samfélagsgreinum. Annað er nokkuð klárt fyrir haustönn.

b) Verklagsreglur um ráðningar- og starfshlutföll kennara

Skólameistari kynnt *Viðmið fyrir kennararáðningar* sem mun fara inn í starfsmannahandbók. Samkvæmt þessum viðmiðum er staðfest það viðmið að ef kennarar sem ráðnir eru í hlutastörf eru í 100% starfi í tvö ár, þá verður ráðningarhlutfall hækkað í 100%. Þurfi að lækka ráðningarhlutfall er viðkomandi látinn vita með þriggja mánaða fyrirvara.

Skólanefnd samþykkir þessi nýju viðmið vegna kennararáðninga fyrir sitt leyti.

7. Niðurstöður innra mats á skólastarfi 2014-2015

Skólameistari kynnti skýrslu innra mats hóps fyrir skólaárið 2014-15. Hópurinn skilaði af sér kennara- og nemendakönnunum ásamt áfangamati á öllum fjórum spönnum skólaársins. Þessi skýrsla verður aðgengileg á heimasíðu ME. Rætt var um helstu niðurstöður sem sýna m.a. að algjör viðsnúningur hefur orðið á starfsanda í skólanum frá 2011 þó að ýmislegt megi enn bæta. Bæði hjá nemendum og kennurum kemur fram gagnrýni á umsjónartíma en skólameistari sagði það fyrirkomulag allt vera í endurskoðun, ekki síst með nýjum námsráðgjafa.

Umbótaáætlun sem mannauðsstjóri vinnur og byggir m.a. á innra matinu og starfsmannaviðtölum verður rædd á haustfundi skólanefndarinnar í september.

8. Önnur mál:

a) Samstarf framhaldsskóla

Skólameistari og formaður skólanefndar fara að hitta kollega sína í VA á næsta fimmtudag og ræða áframhaldandi hugmyndir um samstarf, s.s. varðandi sameiginleg kynningarmál.

b) Skólanámskrá ME – vinnslustaða

Í vor var lokið við framhaldsskólabraut og hún send ráðuneyti til samþykktar. Starfsbraut er í smíðum og er stuðst við samþykta starfsbraut í námsskrárgrunninum. Umönnunarbraut er til skoðunar í ráðuneyti menntamála.

c) Starfsmannastefna og jafnréttisstefna ME

Stefnurnar voru kynntar og samþykktar á skólafundi í maí síðastliðnum. Unnið er að gerð endurmenntunarstefnu ME. Lagt til að senda skólanefndarmönnum tengla inn á þessar stefnur þannig að þeir geti kynnt sér þær.

d) Sjóðir í vörslu ME

Formaður skólanefndar lagði fram greinargerð um þá tvo sjóði sem eru í vörslu ME. Henni fylgdi eftirfarandi tillaga sem skólanefnd beinir til stjórna Menningarsjóðs prófasthjónanna á Hofi og Skólasjóðs ME en skólameistari er formaður beggja:

1. Að kannað verði hjá Sýslumanninum á Sauðárkróki, sem fer með málefni sjóða sem starfa skv. lögum nr. 19/1988, hvort sameina megi Menningarsjóð prófasthjónanna og Skólasjóð ME.

2. Ef sameina megi sjóðina verði tilgangur Skólasjóðs ME þrengdur miðað við núverandi tilgang en jafnframt tekið tillit til tilgangs Menningarsjóðs prófasthjónanna í nýrri grein um tilgang sjóðsins.
3. Að skipulagsskrá Skólasjóðs ME verði breytt þannig að úthluta megi öllum vaxtatekjum að frádregnum verðbótum og ganga megi allt að 10% á höfuðstól annað hvert ár.
4. Að sjóðurinn setji sér stefnu um hvernig hægt sé að stækka höfuðstólinn, með ávöxtun og gjafafé.

e) Ný heimasíða ME – kynning

Skólameistari kynnti nýja uppfærslu á heimasíðu ME. Skólanefnd fagnaði framtakinu sem lofar góðu. Rætt um mikilvægi þess að gera félagslífið sýnilegt á forsíðunni og hvort að heimasíða nemendafélagsins gæti ekki verið undirsíða á vefnum.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 18.30 og óskaði konum fundarins til hamingju með 19. júní næstkomandi.

Fundargerð ritaði Árni Óla